



Hrífandi listaverk og hönnun

● Sýning með verkum eftir William Morris opnuð á Kjarvalsstöðum á sunnudag ● Einn áhrifamesti hönnuður 19. aldar og mikilvirkur listamaður ● Áhersla er lögð á Íslandstenginguna á sýningunni

Alræði fegurðar! er yfirskrift sýningar sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum á morgun, sunnudag, klukkan 16 með verkum hins kunna og áhrifamikla breska hönnuðar, skálds og listamanns Williams Morris (1834-1896). Sýningin gerir skil hinu fjölbreytilega ævistarfi Morris sem auk þess að hafa markað djúp spor í hönnunarsögu Bretlands og verið slyngur listamaður var jafnframt framúrskarandi handverksmaður. Hann hafði háleitar hugmyndir um alþýðufræðslu gegnum handverk og listir og hugmyndir hans um samfélag iðnbyltingarinnar þóttu á sínum tíma byltingarkenndar. „Ég



William Morris

vil ekki list fyrir fáa fremur en menntun fyrir fáa eða frelsi fyrir fáa,“ skrifaði hann árið 1877.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum eru, auk frumteikninga af frægum mynstrum Morris, til að mynda glæsileg útsaumsverk, húsgögn, steindir gluggar, fagurlega skreyttar bækur, veggteppi og flísar. Þá eru sýnd verk eftir fræga samferðamenn hans og vini úr hópi fremstu listamanna Bretlands á þeirra tíð, til að mynda svokallaða Pre-Rafaelíta á borð við Dante Gabriel Rossetti (1828-1882).

Eins og fyrr segir hafði Morris sem hönnuður, listamaður og samfélagsrýnir mikil áhrif á samtíma sinn. Og eins og segir í tilkynningu frá Listasafni Reykjavíkur skildi hann eftir sig sjónrænan menningararf og hugmyndafræði sem hafa haft áhrif allt til okkar daga. Þá eru tengsl Morris við Íslands athyglisverð á margan hátt. Hann hafði mikinn áhuga á norrænni sögu og menningu, lagði á sig að læra íslensku og þýddi ásamt Eiríki Magnússyni, bóka-verði í Cambridge, nokkrar



Morgunblaðið/Einar Falur

Merkisverk Starfsmenn Listasafns Reykjavíkur unnu að uppsetningu sýningarinnar í vikunni. Á henni er úrval veggteppa og veggfóðurs sem Morris hannaði, steindir gluggar, húsgögn og ýmiskonar hönnunar- og myndverk.

Íslendingasagnanna á ensku. Söguvarnar urðu honum einnig uppspretta í skáldskap og orti hann þekkt ljóð sem byggjast á dramatísku efni þeirra. Morris ferðaðist tvisvar um Ísland ásamt Eiríki og breskum félögum sínum, sumrin 1871 og 1873, og hélt fræga dagbók á ferðunum, ekki síst þeirri fyrri. Komu þær út á íslensku árið 1975 undir heitinu Dagbækur úr Íslandsferðum. Morris varð fyrir djúpum áhrifum hér á landi og heillaðist bæði af menningu og náttúru.

Fyrsta sýning um Morris hér

Sýning sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum á morgun er unnin í samstarfi við William Morris Gallery í London og Millesgården í Stokkhólmi, þar sem hún var fyrst sett upp, en hún er einnig sett upp í Danmörku og Edinborg. Þetta er fyrsta sýningin sem sett er upp hérlendis þar sem fjölbreyttum ferli Morris eru gerð skil með allrahandna verkum eftir hann og nána samferðamenn. Og þá eru Íslandstengingunni gerð

sérstök skil á sýningunni hér á landi og er það sérstök viðbót við það sem sýnt er á hinum sýningarstöðunum. Hér eru til að mynda gripir sem Morris tók með sér héðan og höfðu áhrif á þann myndheim sem hann skapaði, þar á meðal útskorið horn og fleiri áhöld úr horni.

Áhersla á gæði handverks

William Morris var afar fjölhæfur og áhugasamur um margt, eins og einkennið iðulega menntamenn Viktoríutímans. Hann hóf ungar

nám í arkitektúr en sneri sér fljótt að öðru og er í dag þekktastur sem hönnuður og skáld. Hann stofnaði ásamt félögum sínum fyrirtæki og framleiddu þeir vandáðar handgerðar vörur úr gæðaeftum; húsbúnað, veggfóður, vefnað og húsgögn en einnig glerglugga og flísar.

Morris barðist gegn iðnvæðingu sem var að ryðja sér til rúms í Englandi, lagði mikla áherslu á gæði handverks og mikilvægi þess fyrir samfélagið og var talsmaður Lista- og handverkshreyfingarinnar (e. Arts and Crafts Movement). Hann tók virkan þátt í stjórn málum og var einn af stofnendum fyrirrennara breska Verkamannaflokksins. Allt sem William Morris gerði var innblásið af byltingarkennd. Hann leitaðist við að gera heiminn og líf fólks betra með hönnun sinni – með því að láta fegurðina ráða.

Einnig verk eftir Rossetti

Auk verka Morris verða á sýningunni verk eftir listmálarann Dante Gabriel Rossetti en hann var mikill áhrifavaldur í lífi Morris. 22 ára gamall gerðist Morris lærlingur hjá Rossetti og bjuggu þeir saman ásamt öðrum félaga í listinni. Í framhaldi af því kynntist Morris verðandi eiginkonu sinni, Jane Burden (1839-1914), sem var módel hjá þeim félögum og þekkt af fjölda málverka. Rossetti og Burden hófu ástarsamband sem var opinbert leyndarmál. Þegar Morris hélt í sínar löngu ferðir til Íslands 1871 og 1873 bjuggu þau öll undir sama þaki og segja ævisöguritarar Morris að hann hafi farið til Íslands vitandi að hann skildi konu sína eftir með ástmanni sínum, sem jafnframt var náinn vinur hans.

Meðan á sýningunni á Kjarvalsstöðum stendur verður boðið upp á leiðsagnir sérfræðinga um hann auk þess sem efnit verður til fjölskyldudagskrár og námskeiða fyrir ólíka hópa.